



Til mótstjórnar og yfirdómnefndar Metamóts Spretts 2020

28. október 2020

Efni: Vankantar á mótsskýrslu á Metamóti Spretts sem haldið var 4. til 6. sept. 2020

Laganefnd LH hefur fjallað um málið. Tillaga Laganefndar til stjórnar er eftirfarandi:  
„Ljóst er að hér var um misbrest að ræða og væri stjórn rétt að senda fyrirspurn á yfirdómnefnd og krefjast úrbóta og að hún grípi til viðeigandi úrræða“. Álit laganefndar fylgir hér með sem fylgiskjal.

Stjórn LH sendi eftirfarandi fyrirspurn til Hestamannafélagsins Spretts:

„Vegna skeiðkappreiða á Metamóti Spretts dags. 4. til 6. sept. sl. hefur stjórn LH tekið til umfjöllunar framkvæmd þeirra. Svo virðist sem ákveðnir vankantar hafi verið á framkvæmdinni og eru þeir eftirfarandi:

- Sama keppnispar keppti bæði í 150 og 250 metra skeiði.
- Yfirdómari í kappreiðum var ekki með íþróttðómararéttindi.
- Einnig hafa komið athugasemdir varðandi framkvæmd ræsingar.

Í ljósi þessa er það okkar spurning til ykkar mótshaldara hvort þið hafið ætlað að hafa kappreiðahluta mótsins sem löglega keppnisgrein.”

Þegar svör bárust frá Spretti var viðfangsefni spurningarinnar ekki tekið til umfjöllunar né svarað en hinsvegar kemur í ljós samkvæmt þeim svörum að enn meiri vankantar eru á skýrslu mótstjórnar en talið var.

Samkvæmt svörum Spretts var yfirdómari skeiðhluta mótsins Jón Ólafur Guðmundsson en samkvæmt mótsskýrslu í Sportfeng er skráður yfirdómari í skeiðhluta mótsins Marjolijn Tiepen. Samkvæmt svörum Spretts var mótstjóri Theódóra Þorvaldsdóttir en samkvæmt mótsskýrslu í Sportfeng Ingibjörg Pétursdóttir.

Fyrir hönd stjórnar LH fer ég þess á leit, samkvæmt álit laganefndar, að mótstjórn (yfirdómnefnd) geri úrbætur á mótaskýrslu og hlutist til um það að skila löglegri skýrslu, óski mótstjórnin eftir því að mótið sé löglegt. Jafnframt taki mótstjórn (yfirdómnefnd) afstöðu til þess hvernig taka skuli á þeim brotum sem framin voru á keppnisreglum LH, í skeiðkappreiðunum og sendi skýrslu um það til aganefndar LH.

Óskum við eftir að rétt mótaskýrsla og skýrsla til aganefndar LH berist eigi síðar en mánudaginn 2. nóvember, nk.

Virðingafyllst,

Lárus Ástmar Hannesson formaður LH



Fylgiskjal: Álit laganefndar um framkvæmd skeiðkappreiðna.

Laganefnd hefur tekið til meðferðar erindi sem barst frá stjórn LH með tölvupósti hinn 14. október 2020. Óskað er eftir álits laganefndar á eftirfarandi:

- a. Hefur stjórn heimild til að ógilda árangur knapa þegar kærufrestur er liðinn?
- b. Útfylling mótaskýrslu var ábótavant og henni skilað án samþykkis yfirdómara, skráning dómara í kappreiðum var ekki fullnægjandi og skráður yfirdómari var gæðingadómari en ekki íþróttadómari. Hefur það áhrif á lögmati árangurs í keppnisgreininni í heild?

Laganefnd tók erindið til umfjöllunar á fundi sem haldinn var 21 október með rafrænum hætti. Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi.

**Um (a.) lið, þ.e. heimild stjórnar til að ógildar árangur knapa í keppni þegar kærufrestur er liðinn**

Fjallað er um ógildingu árangurs knapa í gr. 2.7 (andmæla- og agareglur) í reglum LH. Þau viðurlög, sem heimilt er að beita eru samkvæmt þeim kafla, nánar tiltekið grein 2.7.4.3. eru eftirfarandi:

*„Eftirtalin viðurlög má nota ein sér eða einhver saman, séu reglur FIPO brotnar:*

- Útilokun frá keppnisgrein
- Viðvörðun sem ekki er gerð opinber
- Viðvörðun sem gerð er opinber
- Útilokun frá móti
- Keppnisbann

*Útilokun frá móti og keppnisbanni skal ávallt beita ásamt opinberri viðvörðun“*

Af lögnum (gr. 2.7.1.) má ráða að þeim sem er heimilt að beita þessum viðulögum er annars vegar aganefnd og svo hins vegar yfirdómnefnd. Dómstóll ÍSÍ, hefur einnig úrskurðarvald í tileknum tilvikum, sbr. t.d. reglu 2.8.11, eins sem það kann að vera heimilt að skjóta ákvörðunum aganefndar til hans. Á öllum löglegum mótum sem haldin eru skal skipuð yfirdómnefnd, sbr. gr. 2.7.2. í lögum LH. Samkvæmt gr. 2.8.3. eiga sæti í yfirdómnefnd eftirtaldir aðilar: yfirdómari, mótsstjóri og fulltrúi knapa og er yfirdómari formaður hennar.

Fjallað er um hlutverk og verkefni yfirdómnefndar í gr. 8.7. en þar segir orðrétt

*„Yfirdómnefnd ábyrgist að mót fari fram eftir lögum og reglum LH og ÍSÍ. Hún veitir áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, eftir atvikum, og vísar mönnum úr keppni, sé þess þörf. Yfirdómnefnd sendir aganefnd LH skýrslu að móti loknu. Einnig skal senda inn kærur til nefndarinnar eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok.“*

Þá er það yfirdómnefnd sem beitir viðurlögum á mótum ef reglur LH eru brotnar, þannig segir í gr. 2.8.10.3 orðrétt:

*„Gerist aðilar brotlegir við lög og reglugerðir LH og ÍSÍ á mótum, skal yfirdómnefnd beita viðurlögum samkvæmt grein þessari. Yfirdómnefnd kveður upp úrskurð með því að:*  
a) fella málið niður.



b) veita hlutaðeigandi aðvörun án spjalds.

c) veita áminningu með gulu spjaldi.

d) sýna hlutaðeigandi rautt spjald og vísa honum frá keppni

*Yfirdómnefnd er heimilt að fella niður árangur þegar keppanda er vísað úr keppni. Hún sendir skýrslu til aganefndar LH, og hefur heimild til að kæra brot til nefndarinnar, telji hún þörf á því. Þar með hefur yfirdómnefndin lokið störfum.“*

Það eru engin tímamörk á því hvenær yfirdómnefnd skal beita viðurlögum sínum, en í sambærilegu ákvæði í reglum um Íslandsmót gr. 5.6. skal, segir: „Yfirdómnefnd sendir aganefnd LH skýrslu að móti loknu og sendir inn kærur til aganefndar LH, sé þess þörf, eigi síðar en 48 klst. eftir að móti lýkur“

Í gr. 2.7 í reglum LH er fjallað um andmæla- og agareglur. Í grein 2.7.2. er fjallað um aganefnd og yfirdómnefnd.

Það er ekki að finna í lögnum heimildir fyrir stjórn eða aðra til að ógilda árangur eftir að móti er lokið og búið er að skila inn athugasemdalausri mótaskýrslu o.s.frv. Hér vegast á tvennskonar sjónarmið, annars vegar að knapi sem brjóti reglur eigi ekki að hagnast á því að hann komist upp með brotið, þar sem mótanefnd hafi yfirsétt það, og svo hins vegar að þegar móti er lokið, búið að skila skýrslu o.s.frv. skuli árangur standa. Vissulega geta hér ýmis sjónarmið komið til álita, t.d. vitneskja knapa, þ.e. hvort hann hafi vísitandi brotið reglur eða hvort um gáleysi er að ræða.

Það er ljóst að bæði knapa og yfirdómara hefur orðið á í messunni á þessu móti, en samkvæmt reglum LH er óheimilt á sama móti að keppa á sama hesti í 250m (P1) og 150m (P3) skeiði. Það sem rétt hefði verið að gera, er að yfirdómari/mótstjórn hefði átt að vísa knapa úr viðkomandi keppnisgrein, með vísan til F liðar gr. 2.7.4.4. og eftir atvikum ógilda árangur ef keppni hefði verið hafin/lokið. Þeirri ákvörðun hefði knapi þá eftir atvikum getað skotið til yfirdómnefndar. Að móti loknu hefði yfirdómnefnd verið rétt að senda skýrslu til aganefndar, benda á brotið og þetta kunni að varða við m.a. J lið gr. 2.7.4.4. (Brot á siðareglum skv. 2. kafla). Sú grein í siðareglunum sem helst kemur hér til álita er ákvæði gr. 2.3.1. (Ábyrgð keppenda, leiðbeinanda og þjálfara) sem eru siðareglur um ábyrgð keppenda, leiðbeinanda og þjálfara. Þessar reglur eru samhljóða reglum G 1.5., en ákvæði gr. 2.3.1. er svohljóðandi:

### **2.3.1. (Ábyrgð keppenda, leiðbeinanda og þjálfara)**

*„Keppendur sjálfir bera mjög mikla ábyrgð við að kynna og standa vörð um sanngjarna keppni í sinni íþrótt. Þrátt fyrir ábyrgð annarra þá er er það keppandinn sem fyrst og síðast getur á beinan hátt haft mest áhrif á það hvort keppni er sanngjörn eður ei með því að hafa skilning á þeim reglum sem varða keppni og að fara af trúverðuleika eftir þeim, hvort sem einhver sér til eður ei. Þekktir keppendur verða að átta sig á hversu mikil áhrif þeirra fordæmi getur haft og viðurkenna ábyrgð sína sem fyrirmyndir. Þetta á við um gjörðir þeirra á hestinum sem og þegar hann er ekki á hestbaki, á upphitunarsvæði sem og á keppnisvellingum.“*

Siðanefnd hefði þá tekið atvikið til afgreiðslu, en brot á siðareglum getur skv. J lið, m.a. varðað því að knapi sé settur í keppnisbann.

Í athugun keppnisnefndar á atviki því sem hér er til umfjöllunar kemur fram að niðurstaða keppnisnefndar er sú að hún telur að ógilda eigi allan árangur knapans í skeiðgreinum, þ.e. bæði í P1 og P3. Máli sínu til stuðnings bendir hún á reglur FEIF G1.5. sem er samhljóða gr. 2.3.1. í reglum LH. Einnig bendir hún á reglur



FEIF G.10.7.4. liðir G og J, en reglur þessar eru samhljóða liðum J og M í reglum LH gr. 2.7.4.4. Keppnisnefnd fjallar ekki um það í álitinu sínu hver það er sem er bær til að ógilda árangur knapans í þessum keppnisgreinum.

Það eru engar heimildir í lögum LH til þess fyrir stjórn að ógilda árangur knapa. Stjórn ber samkvæmt gr. 1.4.2. í lögum LH að hafa eftirlit með því að lög og reglugerðir LH séu haldin. Ljóst er að hér var um misbrest að ræða og væri stjórn rétt að senda fyrirspurn á yfirdómnefnd og krefjast úrbóta og að hún grípi til viðeigandi úrræða.

Þó ráða megi það af lögum að valdsvið mótanefndar takmarkist við mótið sjálft og ekki sé ætlast til þess að mótanefnd starfi eftir að móti er lokið, a.m.k. ekki lengur en í 48 klst eftir að móti líkur, en eftir þann tíma fellur niður heimild til að senda kæru til yfirdómnefndar samkvæmt gr. 8.7.

Þrátt fyrir að kærufrestur sé liðinn ber yfirdómnefnd ábyrgð á því að löglegri mótaskýrslu sé skilað. Þar sem misbrestur virðist hafa orðið á því í máli þessu, virðist rétt að krefjast þess (óski mótsstjórn eftir því að mót sé löglegt) að yfirdómnefnd hlutist til um það að skila löglegri skýrslu og taki þá jafnframt afstöðu til þess áður en skýrslu er skilað, hvernig taka skuli á atviki því sem um er fjallað í álitinu þessu.

Einnig má benda á að það er í verkahring stjórnar LH að staðfesta met, sbr. gr. 1.4.2 (Starfssvið stjórnar) í reglum LH. Í gr. 8.7.17.8 (Met), segir m.a. að til að fá met samþykkt af FEIF og stjórn LH þurfi að uppfylla tiltekin skilyrði, m.a. verður knapinn að hafa farið að öllum kappreiðareglum. Hvað sem öðru líður væri stjórn því óheimilt að staðfesta met ef það lægi fyrir að reglum LH hafi ekki verið fylgt.

**Um (b.) lið, þ.e. að útfylling mótaskýrslu hafi verið ábótavant og henni skilað án samþykkis yfirdómara, skráning dómara í kappreiðum hafi ekki verið fullnægjandi og skráður yfirdómari hafi verið gæðingadómari en ekki íþróttadómari. Hefur það áhrif á lögmæti árangurs í keppnisgreininni í heild?**

Það eru engar efnislegar reglur um mótaskýrslu í lögum LH. Gert er ráð fyrir því í viðauka undir kafla 9 (eyðublöð) að „öll mót“ skuli senda mótaskýrslu og skýrslu yfirdómnefndar að móti loknu, engin viðurlög eru við því í lögum LH, ef slíkt er ekki gert.

Í framkvæmd hefur verið litið þannig á að mót þar sem ekki er skilað þessu skýrslum séu ekki lögleg mót og árangur á slíkum mótum fái ekki skráður t.d. í sportfeng.

Fjallað er um skipum dómara á mót í gr. 2.8.4. í reglum LH, en þar segir:

**„2.8.4 Skipun dómara á mót**

*Mótshaldarar verða að sækja um gæðinga- og íþróttadómara til stjórna dómarafélaga LH til að mótin séu lögleg og fái skráningu í Sportfeng. Sækja skal um dómara 4 vikum fyrir upphaf móts. Bera dómaranefnd og dómarafélögin ábyrgð á að manna öll lögleg mót sem haldin eru. Dómaranefnd og félögunum ber að vera í sambandi við mótshaldara og ber dómurum að tilkynna forföll til dómarafélaganna.“*



Það er ekki að finna ákvæði um það í lögum LH að íþróttadómarar skuli dæma íþróttakeppni, en gæðingadómarar gæðingakeppni. Það leiðir þó af eðli máls að þannig sé málum háttað. Til þess að mót séu lögleg verða þau að vera dæmd af til þess hæfum dómurum.

Skeiðkappreiðar heyra undir þær keppnisgreinar sem keppt er í samkvæmt reglum laganna um íþróttakeppni, sbr. gr. 8.7., að því leiðir að nauðsynlegt er að íþróttadómarar dæmi slík mót, eigi þó að vera lögleg. Sama á auðvitað við um yfirdómara.

Vekja má athygli á reglum FEIF S3.2. þar sem gerð er undantekning frá þessu, af því er varðar þá aðila sem reglur LH (gr. 8.7.17.6) vísa til sem hlaupagæslumenn en í S3.2 segir:

**„S3.2 Judges**

*A licensed FEIF Breeding (as listed on the FEIF website) or Gæðingakeppni judge (as listed on the Landssamband hestamannafélaga website) may be employed in any required position for pace track tests where the duties are limited to showing a flag to indicate whether a horse is in pace or not“*

Hafi yfirdómari skeiðkappreiðanna verið gæðingadómari en ekki íþróttadómari, leiðir það af gr. 2.8.4. að slíkt mót er ekki löglegt og óheimilt er að skrá árangur knapa á mótinu í sportfeng.

Álit Laganefndar 22 október 2020.